

um tillögum sínum um málið lagt það til, að hinu umrædda frumvarpi til laga **40** um breyting og viðauka við tilskipun um tilskipun um bæjarstjórn í Reykjavík 18. des. 20. apríl 1872 yrði synjað allrahæstrar staðfestingar, og hefir hans hátign kon- (1900) unginum 30. f. m. allramildilegast þóknast að fallast á tillögu þessa.

Þetta er yður til vitundar gefið til leiðbeiningar og birtingar í B-deild Stjórnartíðindanna ásamt ádurnefndu brjefi yðar frá 24. okt. f. á.

Brjef landshöfðingja.

Eptir að jeg hafði birt bæjarstjórninni í Reykjavík hæstvirt brjef hins háa ráðaneytis, dagsett 19. apríl þ. á., viðvíkjandi frumvarpi því, sem bæjarstjórnin hafði samið, um breyting og viðauka við tilskipun um bæjarstjórn í Reykjavík 20. apríl 1872, tilkynnti bæjarfógetinn mjer í brjefi 6. júlí s. á., að bæjarstjórnin hefði, eptir að hafa tekið málið á ný til fhugunar, komið að þeirri niðurstöðu, að breytingar þær á hinum gildandi ákvæðum, sem að skoðun ráðaneytisins væru á rökum byggðar, væru ónógar, því að bæjarstjórnin álti ný ákvæði, er færu í sömu átt, sem lagafrumvarpið, alveg nauðsynleg, einkum að því er snerti stöðu bæjarstjórnarinnar gagnvart byggingarnefndinni, og skipun heilbrigðisnefndar, sem alls ekki er til í kaupstaðnum. — Með því að ekki var tími til að leita áður samkomulags við ráðaneytið um nýnefnd mál og fleiri önnur atriði, ef málið átti að komast að á alþingi því, er þá var nýbyrjað, en það taldi bæjarstjórnin nauðsynlegt, fal hún alþingismanni Reykjavíkur, er einnig er bæjarfulltrúi, að bera málið upp á alþingi í þeirri von, að þörfin á laga-breytingum þeim, er bæjarstjórnin æskir eptir, mundi koma ljósara fram í umræðunum um málið, en í ástæðum þeim, er fylgdu frumvarpi bæjarstjórnarinnar, og hún hafði samið, þannig, að ráðaneytið sæji sjer eigi fært að leggja það til, að lagafrumvarpið, sem væntanlega yrði samþykkt af alþingi, öðlaðist allrahæsta staðfestingu. Samkvæmt þessu bar alþingismaður Reykjavíkur upp á alþingi nefnt lagafrumvarp bæjarstjórnarinnar óbreytt, og var það eptir löglegan undirbúning samþykkt af alþingi án breytinga.

Jafnframt því, að senda frumvarp þetta bæði í búningi þeim, er það kom í frá alþingi, og í danskri þýðing, skal jeg geta þess, að að mínu álti kom ekkert nýtt fram til upplýsingar á málinu í umræðunum um það á alþingi; að eins var þess getið, að úr því að 27 ára reynsla sýndi, að skipun þeirra mála, er lagafrumvarpið ræddi um væri óhagfelld, væri ástæða til þess að gjöra breytingar þær, sem bæjarstjórnin færi fram á, þótt eigi væru þær samkvæmar þeim ákvæðum, er giltu fyrir dönsku kaupstaðina. Með þessum athugasemdum leyfi jeg mjer virðingarfullst, að skjóta máli þessu til hæstvirtra aðgjörða ráðaneytisins.

Brjef ráðaneytisins fyrir Ísland til landshöfðingja um stofnun hlutafjlagsbanka. Með brjefi, dagsettu 19. septbr. 1899, hafði þjer, herra **41** landshöfðingi, sent hingað tvær þingsályktanir, er báðar deildir alþingis hafa **22. maí** samþykkt sama ár, þar sem skorað er á stjórnina, að svo framarlega sem hún eptir nákvæma athugun geti fallið á, að frumvarp það, um heimild til að stofna hlutafjlagsbanka, er þingið hefði haft til meðferðar, sje eptir stefnu þess og meginákvæðum vel til þess fallið, að verða leitt í lög, þá leggi hún, eptir nauðsynlegan undirbúning, slíkt frumvarp fyrir alþingi, og hefir efri deild bætt við þeirri ósk, að frumvarpið verði þá lagt fyrir alþingi svo fljótt, sem kostur er á. Jafnframt því að taka það fram, að þjer hafði annars ekki þá þekking á bankamálum, sem nauðsynleg sje til þess að geta kveðið upp dóm, er

41 á rökum sje byggður, um mál þetta, hafið þjer tekið það fram, að yður getist ekki
 22. mál ad tillögu þeirri, er fram kom í nedri deild alþingis, um að landsjóður taki stórt lán til þess að kaupa fyrir hluti í hinum fyrirhugaða banka, með því að framlag landssjóðs til fyrirtækisins, ef hann annars ætti að taka þátt í því, ætti að yðar skoðun að vera í því fölgid að kaupa hluti í bankanum fyrir vedskuldarbrjef gegn veði í jarðeign landssjóðs, er þó eigi næmu meiru en en 20% af virðingarverði hennar.

Ennfremur hafa þeir hæstarjettarmálsfærslumaður Arntzen og stórkaupmaður A. Warburgh í framhaldi af því, sem framför meðan alþingi stóð yfir, sent ráðaneytinu erindi, samkvæmt málaleitun þeirra við alþingi. Um málaleitun þessa hefir ráðaneytið leitað yfirlýsingar stjórnar þjóðbankans, og síðan rætt málið við umsækjendurna og þjóðbankann bæði skriflega og munnlega. Hefir árangurinn orðið sá, að ráðaneytið hefir atráðið að leggja ekki fyrir alþingi frumvarp um að veita umsækjendunum hinn umbedna einkarjett til útgáfu íslenzkra seðla, og þetta hefir þeim verið tilkynnt í brjefi hjedan 8. þ. m.

Til upplýsingar um ráðagjörðir þær og samningsumleitanir, sem átt hafa sjer stað, og ástæður þær, er ráðaneytið hefir byggt ályktun sína á, eru hjer með send í endurriti eptirnefnd skjöl.

1. Brjef umsækjandanna til ráðaneytisins 3. nóvember 1899.
2. Ágripsútdráttur af tillögum þeim til heimildarskilmála, sem fylgdu nefndu brjefi, að því er hið eina atriði snertir, er í því var breytt frá frumvarpi því, er nedri deild alþingis samþykkti 1899.
3. Tillögur, prentaðar, til stofnskrá fyrir hinn fyrirhugaða banka.
4. Umsógn þjóðbankans 12. september f. á.
5. Brjef frá umsækjendunum til ráðaneytisins 29. jan. þ. á.
6. Brjef ráðaneytisins til stjórnar þjóðbankans 15. f. m.
7. Brjef umsækjandanna til ráðaneytisins s. d.
8. Brjef frá stjórn þjóðbankans til ráðaneytisins 23. s. m.
9. Brjef ráðaneytisins til umsækjandanna 8. þ. m.

Skal hjer viðbætt eptirgreindum athugasemdum.

Ráðaneytið hefir orðið að vera yður, herra landshöfðingi, samdóma um, að eigi væri æskilegt, að landssjóður tæki stóran þátt í slíku bankafyrirtæki, sem hjer er um að ræða, sumpart vegna áhættu þeirrar, er því fylgir, og sumpart vegna þess, að hagurinn átti einmitt að vera í því fölginn að fá útlent tje inn í landið. Svo sem sjá má af framannefndum brjefum, hefir ráðaneytið eigi getað treyst því, að hinn fyrirhugaði banki í reyndinni mundi starfa aðallega eða svo mikið að svara mundi þeim hlunnindum, er um er sótt, á Íslandi eða fyrir það, vinna að fjárhagslegum framförum þess, að verzlunarfyrirtækjum þess og iðnaðarfyrirtækjum, — og þetta getur að skoðun ráðaneytisins eigi orðið tryggt með skipun gæzlustjórnar bankans. En svo sem starf seðlabanka að atvinnugreinum og fyrirtækjum, sem eigi snerta Ísland, — og það jafnvel þótt eigi ætti það sjer stað nema um stund, til þess að gjöra tje það arðberandi, sem eigi yrði notað á Íslandi innan þeirra marka, er bankanum væri sett, — gæti komið í bága við einkarjett

indi þjóðbankans, þannig mundi hæglega geta farið svo, að starfsemi slíks banka 41
fjarlægðist mjög það markmið, er veiting á heimild til sedlaútgáfu verður að hafa 22. maí
fyrir augum. Einnig mundi mönnum þá bregðast tilfínanlega þær vonir, sem ráða-
neytinu er kunnugt um að Íslendingar hafa gjört sjer um bankann, bæði sökum
þess, er nú var sagt, og sökum þeirra takmarka, er starfsemi sedlabanka jafnan
verður að vera háð.

Þetta brjef eruð þjer umbeðinn að láta birta í B-deild stjórnartíðindanna
ásamt nefndu brjefi yðar.

Brjef landshöfðingja.

Á alþingi síðasta hafa báðar deildir, hvor fyrir sig, samþykkt sína þingsályktun, þar
sem skorað er á landsstjórnina, að svo framarlega sem hún eptir nákvæma athugun getur
fallitz á, að frumvarp það um heimild til að stofna hlutafjelagsbanka á Íslandi, sem þingið
hefir haft til meðferðar, sje eptir stefnu þess og meginákvæðum vel til þess fallið að verða
leitt í lög, þá leggi hún, eptir nauðsynlegan undirbúning, slíkt frumvarp fyrir alþingi. Þess-
ar þingsályktanir eru alveg samhljóða að öðru leyti en því, að við þingsályktun efri deild-
ar hefir verið bætt orðunum: »svo fljótt sem kostur er á«. Þingsályktanirnar fylgja hjer
með bæði í þeim búningi, er þær koma í frá alþingi og í danskri þýðingu.

Jeg leyfi mjer ennfremur að láta fylgja hjer með eitt eintak af hinu upprunalega
frumvarpi, sjerprentun á till. til stofnskrár þeirrar, er ræðir um í 9. gr. frv., sjerprentun á á-
litsgjörðum nefnda þeirra, er settar voru til að hluga málið í báðum deildum, og frumvarpið
eins og það var samþykkt af neðri deild. Með því að jeg eigi hefi þá þekkingu á banka-
málum, sem nauðsynleg sje til þess að geta kveðið upp það álit um málið, er á rökum sje
byggt, skal jeg láta mjer nægja að geta þess, að mjer gezt eigi að þeirri tillögu, er fram kom
í neðri deild, að landsjóður taki stórt lán til þess að kaupa fyrir hluti í hinum fyrirhugaða banka,
með því að framlag landsjóðs, til fyrirtækisins, ef hann annars ætti að taka þátt í því, ætti
að minni skoðun aðeins að vera í því fólgið að kaupa hluti í bankanum fyrir skuldabryef
með veði í jarðeign landsjóðs, er eigi næmu meiru en 20% af virðingarverði hennar.

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um þingsálykt. 42
un um strandgæzlubát á Faxaflóa. — Með brjefi, dagsettu 28. október 23. maí
1899, hafid þjer, herra landshöfðingi, sent hingað þingsályktun, samþykktu af
alþingi sama ár, um að skora á stjórnina að hlutast til um að sendur verði
hingað, svo fljótt sem verða má, sjerstakur fallbyssubátur til strandgæzlu á
Faxaflóa. Með skirskótun til þess, að reynslan fyrir löngu hafi sýnt, að eitt
strandgæzluskip nægi ekki til þess, að vernda fiskiveidarnar með fram hinni
miklu strandlengu landsins og inni á hinum mörgu fjörðum þess, hafid þjer
mælt sem bezt fram með því, að ráðaneytið tæki þetta málefni að sjer, og hafid
þjer bætt því við, að svo framarlega sem ráðaneytið eigi sæji sjer fært að verða
við hinum umgetnu óskum alþingis þegar á næsta ári, þá væri þó æskilegt,
að eitthvað yrði gjört til þess, að skerpa eptirlitid með útlendum botnvörpuskip-
um, t. d. á þann hátt, að strandgæzluskipid dveldi við Ísland til loka október-
mánaðar.

Með þeirri athugasemd, að varðskipid Heimdal dvaldi við Ísland til loka
októbers síðastliðid ár á hinni árlegu ferð sinni þangað, og að hid sama á sjer stad